



Umsögn

Efni: Erindi frá Betri Reykjavík um frístudastyrk fyrir öryrkja – R19010063

Forsaga:

Á fundi mannrétinda- og lýðræðisráðs þann 7. mars 2019 var samþykkt að framvísa erindi frá Betri Reykjavík um frístundastyrk fyrir öryrkja til meðferðar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Flokkur fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður eindregið að leitað verði leiða til að fatlaðir og öryrkjar geti fengið frístundakort og þannig tekið eðlilega þátt í ýmis konar starfsemi sem Reykjavík býður upp á.

Erindið barst velferðarsviði Reykjavíkurborgar 10. apríl 2019.

Greinargerð:

Í tillögu um Betri Reykjavík koma fram þau rök að virkni sé mjög mikilvæg þegar glímt er við örorku og frístundastykur geti haft mjög hvetjandi áhrif.

Reykjavíkurborg hefur komið á styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík. Styrknum er hægt að ráðstafa rafrænt til félaga sem eru aðilar að Frístundakortinu og er upphæðin 50.000 kr. á barn á ári. Með Frístundakortinu má greiða að hluta eða að fullu fyrir íþróttá-, lista- og tómstundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera í 10 vikur samfelld hið minnsta. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Öll skráning og umsýsla Frístundakortsins fer fram með rafrænum hætti á Rafrænni Reykjavík. Aðildarfélög frístundakortsins voru árið 2017 í kringum 200. Ef um yrði að ræða frístundastyrk til öryrkja mætti mögulega haga framkvæmd með sambærilegum hætti og gert er í dag vegna barna og ungmenna. Menningar- íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar veitir styrki til félaga og styrkir þátttöku barna og unglinga í starfsemi þeirra með Frístundakortinu.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Tryggingastofnunar eru rétt rúmlega 7.000 einstaklingar í Reykjavík með 75% örorkumat. Á vef Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar <https://www.thekkingarmidstod.is/rettindi/fjarmal/afslattur/> er yfirlit yfir

ýmsa þá afslætti sem bjóðast öryrkjum. Fram kemur að nokkrar líkamsræktarstöðvar veita frá 15-25% afslátt af kortum. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík greiða þátttakendur ákveðna upphæð á mánuði í æfingagjald, eftir því hversu oft er æft í viku. Mánaðargjald fyrir eina æfingu í viku er kr. 2.900, fyrir tvær æfingar kr. 3.800 og fyrir þrjár æfingar 4.200. Samband var haft við nokkur íþóttafélög í Reykjavík og veita þau engan sérstakan afslátt til öryrkja.

Í Reykjavík er frítt í sund fyrir öryrkja sem sýna örorkuskírteini eða sundkort ÍTR, og einnig er frítt á öll söfn.

Niðurstaða:

Ekki er um það deilt að tækifæri til að njóta frístunda og félagsstarfs er mikilvægt öllum einstaklingum. Reykjavíkurborg hefur komið á styrkjakerfi fyrir börn 6-18 ára en markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi. Svipuð rök mætti færa fyrir frístundakorti fyrir öryrkja. Eins og fram hefur komið njóta öryrkjar í dag ýmissa fríðinda og afsláttarkjara en þau eru þó eru takmörkuð. Frístundakortið fyrir börn og ungmenni er óháð tekjum foreldra en ef ákveðið væri að veita það til öryrkja mætti mögulega tekjutengja það og veita þeim hópi öryrkja sem hefur eingöngu grunnlífeyri lífeyristrygginga sér til framfæris. Kostnaður við að veita 7.000 öryrkjum í Reykjavík frístundastyrk að fjárhæð 50.000 kr. væri 350 mkr. á ári, miðað við að allir nýttu hann. Hugsanlega mætti miða við lægri fjárhæð eða ákveðnar tekjur.

Velferðarsvið lítur veitingu frístundastyrks til öryrkja jákvæðum augum. Ákvarðanir um veitingu frístundastyrkja og framkvæmd frístundakortsins og samninga er að því lúta falla hins vegar undir menningar- íþróttar- og tómstundasvið og ráð og því er það mat velferðarsviðs að vísa beri tillögunni þangað.